

**48. fundur framkvæmda- og veitunefndar haldinn í Aratungu, Reykholti,
fimmtudaginn 4. apríl 2024, kl. 13:30.**

Fundinn sátu:

Stefanía Hákonardóttir, Helgi Kjartansson, Jón Forni Snæbjörnsson, Ásta Stefánsdóttir,
Benedikt Skúlason og Kristófer Arnfjörð Tómasson.

Fundargerð ritaði: Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri.

1. Heimlögn vatnsveitu Stakksárhlíð 1 og 2 - 2401034

Umsókn um heimlögn vatnsveitu fyrir Stakksárhlíð 1 og 2

Framkvæmda- og veitunefnd sér sér ekki fært að fara í að leggja vatnsveitu á svæðinu að svo komnu máli.

2. Heimlögn vatnsveitu Stakksárhlíð 8 - 2401035

Umsókn um heimlögn vatnsveitu fyrir Stakksárhlíð 8

Framkvæmda- og veitunefnd sér sér ekki fært að fara í að leggja vatnsveitu á svæðinu að svo komnu máli.

3. Verkfundir vegna byggingar húss fyrir UTU við Hverabraut 6 - 2209023

12. fundur haldinn 11.01.2024

Fundargerð verkfundar var lögð fram.

4. Verkfundir vegna byggingar húss fyrir UTU við Hverabraut 6 - 2209023

13. fundur haldinn 01.02.2024

14. fundur haldinn 22.02.2024

Fundargerðir verkfunda voru lagðar fram.

5. Endurnýjun fráveitu Laugarvatni 3. áfangi - 2310009

Opnun tilboða í verkið Laugarvatn fráveita, 3. áfangi.

Afgreiðsla skipulagsnefndar á framkvæmdaleyfisumsókn.

Lagt var fram yfirlit yfir tilboð í 3. áfanga endurnýjunar fráveitu á Laugarvatni. Lægstbjóðandi var Ketilbjörn ehf og stenst félagið kröfur útboðsgagna um hæfi. Sveitarstjórn hefur samþykkt að taka tilboði lægstbjóðanda og er áætlað að framkvæmdir hefjist í þessari viku. Framkvæmdaleyfi vegna verksins liggur fyrir.

6. Hreinsistöð fráveitu Reykholti - 2103034

Afgreiðsla skipulagsnefndar á framkvæmdaleyfisumsókn.

Framkvæmdaleyfi hefur verið gefið út vegna uppsetningar hreinsistöðvar í Reykholti.



Sviðsstjóri gerði grein fyrir næstu skrefum, en búnaður kom til landsins í vikunni.

7. Hreinsistöð fráveitu Laugarási - 2403039

Framkvæmdaleyfi vegna hreinsistöðvar í Laugarási (Vesturbyggð/Skálholtsvegur 1/frístundahverfi/Holtagata).

Fyrir liggur framkvæmdaleyfi vegna fyrirhugaðrar hreinsistöðvar í Laugarási.

8. Grenndargámar við Dynjandisveg - 2403014

Erindi Dynjanda, félags í frístundabyggð, þar sem óskað er eftir uppsetningu grenndargáma.

Framkvæmda- og veitunefnd leggur til við sveitarstjórn að settir verði upp grenndargámar við Dynjandisveg og að þeir verði staðsettir innan við hlið að sumarhúsaahverfinu. Fyrirkomulag verði hið sama og í Reykjaskógi þar sem verkið var unnið í samráði við sumarhúsaafélagið og hefur það ákveðna umsjón með umgengni á svæðinu.

9. Borgarrimi gatnagerð 3 áfangi (lóðir 16-22) - 2401061

Afgreiðsla skipulagsnefndar á framkvæmdaleyfisumsókn.

Framkvæmdaleyfi liggur fyrir vegna gatnagerðar í Borgarrima, 3. áfanga.

10. Borgarrimi gatnagerð 3 áfangi (lóðir 16-22) - 2401061

Opnun tilboða í verkið Borgarrimi 3. áfangi

Lagt var fram yfirlit yfir tilboð í verkið Borgarrimi, 3. áfangi. Sveitarstjórn hefur samþykkt að taka tilboði Fögrusteina ehf, með þeim fyrirvara að félagið uppfylli kröfur útboðsgagna um hæfi.

11. Sláttur og hirðing Reykholt og Laugarás 2024-2026 - 2401066

Tilboð í slátt og hirðingu í Laugarási og Reykholti

Lögð var fram fundargerð frá opunarfundum. Fosshamar ehf var lögstjóðandi og uppfyllir félagið kröfur um hæfi sem gerðar voru í útboðsgögnum. Framkvæmda- og veitunefnd leggur til við sveitarstjórn að gerður verði samningur við lögstjóðanda um slátt og hirðingu í Laugarási og Reykholti.

12. Orkuöflun Reykholti (Tungurimi) - 2403015

Rannsóknarholur í landi sveitarfélagsins í Reykholti, staðsetning (tillaga ÍSOR).

Borskýrsla, dags. 25.03.2024.

Lögð var fram tillaga ÍSOR um staðsetningu á rannsóknarholum í landi sveitarfélagsins, ásamt borskýrslu vegna rannsóknarholu. Unnið er að borun annarrar holu í samráði við ÍSOR.

13. Gatnatenging og fráveita Kriki 2 - 2402025

Afgreiðsla skipulagsnefndar á framkvæmdaleyfi.

Lagt var fram framkvæmdaleyfi vegna tengingar Krika 2 við Lindarskóg og færslu vatnsrásar. Verkinu er lokið og framkvæmdir við bilageymslu Brunavarna Árnessýslu hafnar.

14. Þakskipti (neðra þak) á íþróttahúsinu á Laugarvatni - 2401068

Minnisblað Eflu, dags. 19.03.2024 um mismunandi útfærslur vegna þakskipta á íþróttahúsinu á Laugarvatni (neðra þak).

Minnisblað Eflu var lagt fram. Þar er gerð grein fyrir fjórum mismunandi leiðum til að gera endurbætur á neðra þaki íþróttahússins og áætluðum kostnaði við það. Framkvæmda- og veitunefnd samþykkir að skoða aðstæður á vettvangi og taka málið til afgreiðslu á næsta fundi.

15. Malbikunarframkvæmdir 2024 - 2403044

Malbikunarverkefni sumarið 2024

Traustatún, Skólatún, Tungurimi, Borgarrimi, Miðholt (breikkun), Hverabraut, stígar.

Lagt var fram yfirlit yfir helstu framkvæmdir í malbikun sumarið 2024 ásamt kostnaðaráætlun. Sviðsstjóra er falið að vinna nánari áætlun um undirvinnu og gangstíga.

16. Skurðir meðfram vegum í Laugarási - 2403045

Sviðsstjóri gerir grein fyrir verkefni sem snýr að frágangi á skurðum meðfram vegum í Laugarási.

Sviðsstjóri gerði grein fyrir verkefni sem snýr að frágangi á skurðum meðfram vegum í Laugarási, þar sem trjágróður er fjarlægður úr skurðstæði og frárennslisrör sett í skurði og þeim lokað. Kostnaðaráætlun liggur fyrir. Verkefnið er ekki á fjárhagsáætlun þessa árs og er samþykkt að leggja til við sveitarstjórn að því verði vísað til fjárhagsáætlunarvinnu fyrir næsta ár.

17. Starfsleyfi fráveitna í þéttbýli - 2311028

Svar við erindi HES um stöðu á fráveitumálum í þéttbýli.

Lagt var fram svar við erindi Heilbrigðieftirlits Suðurlands um stöðu fráveitumála í þéttbýli, sbr. erindi sem var á dagskrá á 44. fundi.

18. Hitaveitumál í Laugardalshólum - 2304028

Erindi Jóhanns Gunnars Friðgeirssonar, dags. 01.04.2024, varðandi hitaveitu að Laugardalshólum. Vísað til framkvæmda- og veitunefndar á 357. fundi sveitarstjórnar.

Stefanía Hákonardóttir vék af fundi.


Í erindinu er gerð athugasemd við hitastig og þrýsting á heitu vatni og kostnað við hitun.


Á áætlun er að setja upp dælustöð til að auka þrýsting að Laugardalshólum.

Framkvæmda- og veitunefnd felur sviðsstjóra að afgreiða málið í samræmi við umræður á fundinum.

Fundi slitið kl. 15:00.


Stefanía Hákonardóttir


Helgi Kjartansson


Jón Forni Snæbjörnsson


Ásta Stefánsdóttir


Benedikt Skúlason


Kristófer Arnþjóð Tómasson